

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Sigurður Már Eggertsson
Dags. 8. júní 2018
Mnr. 2017050126



ÍSAFJARÐARBÆR

Stöðuskýrsla verkefnisins - Innleiðing nýrrar persónuverndarlöggjafar

Verkefnið hófst 1. febrúar sl. með kortlagningu verkefnis og greiningarvinnu. Að öðru leyti hefur mest öllum tíma verið varið í gerð vinnsluskrár sem er umfangsmesti fasinn í innleiðingu á persónuverndarlöggjöfnni. Hefur það fyrirkomulag verið lagt til grundvallar að sitja fundi með ábyrgðaraðilum hvarrar vinnslu þar sem vinnslur hvers sviðs eru kortlagðar. Þar hefur verið skráð niður hvaða persónuupplýsingar unnið er með í tengslum við hvert og eitt verkefni, hvort um sé að ræða almennar eða viðkvæmar persónuupplýsingar, hvaða aðila þær persónuupplýsingar varða, hver tilgangur vinnslunnar er, hver heimild vinnslunnar er, hvaðan upplýsingarnar koma, hvert þær fara, hver hefur aðgang, hvaða vinnslukerfi er notað, hvaða varðveisluáferð er notuð, hvaða öryggisráðstafanir eru fyrir hendi og að lokum hver ber ábyrgð á vinnslunni. Rétt þykir að taka fram að vinna við gerð vinnsluskrár fer ekki einnig fram á áður nefndum fundum heldur felst jafnframt í henni að leita uppi lagaheimild í lögum og reglugerðum en sú vinna er ekki síður umfangsmikil og tímafrek. Að öðru leyti hefur tími farið í stöðufundi, fundi með Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ráðstefnur og námskeið. Nánari sundurliðun á verkefnum má sjá hér að neðan raðað eftir mánuðum:

Febrúar

Verkefnið hófst í byrjun febrúar með greiningarvinnu en í því fólst fyrst og fremst lestur á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2016/679 frá 27. apríl 2016, leiðbeiningum 29. gr. vinnuhópsins, leiðbeiningum Persónuverndar og leiðbeiningum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í febrúar sótti ég jafnframt ráðstefnu á vegum dönsku lögfræðistofunnar Clemens LLP um hvernig skuli takast á í raun við komandi innleiðingu á nýrri persónuverndarlöggjöf sem og námskeið Origo um gæðastjórnun og gerð gæðahandbóka á vegum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða dagana 23. og 24. febrúar.

Mars

Í byrjun mars var vinna lögð í gerð fyrirlestrar um nýja regluverkið sem kynnt var fyrir sviðsstjórum og forstöðumönnum þann 5. mars en í framhaldi af því fóru fram vinnubúðir þar sem grunnur var lagður að kortlagningu vinnslna á persónuupplýsingum hjá Ísafjarðarbæ. Í kjölfar vinnubúða hófst gerð vinnsluskrár Ísafjarðarbæjar. Í því samhengi má nefna að sérstök áhersla var lögð á vinnsluskrá velferðarsviðs sem tekur til barnaverndar, málefna aldraðra, málefna fatlaðra og félagsþjónustu. Í mars sótti ég einnig námskeið á vegum LMFÍ um nýja persónuverndarlöggjöf og fór það fram 8. mars.

Apríl – Maí

Í apríl og maí mánuðum hefur mestum tíma verið varið í gerð vinnsluskrár Ísafjarðarbæjar og er hún langt á veg komin. Í því samhengi má nefna að sérstök áhersla var áfram lögð á velferðarsvið en jafnframt skóla- og tómstundasvið og umhverfis- og eignasvið. Einnig átti sér stað skráning á málum í tengslum við stjórnsýslu- og fjármálasvið og má þar helst nefna mannauðs- og launamál, sveitastjórnarmál, stjórnsýslumál og málefni tengd innheimtu og fjármálaáætlun. Þann 3. maí sótti ég námskeið fyrir nýja starfsmenn Ísafjarðarbæjar og þann 16. maí námskeið um notkun hugbúnaðarins CCQ á vegum Origo.

Júní (sumarfrí frá 11. júní – 26. júní)

Jafnframt átti sér stað nýskráning á vinnslum tengdar höfnum, íþróttamannvirkjum og dægradvöl. Í júní mánuði hefur vinna við gerð vinnsluskrár haldið áfram, má þar meðal annars nefna nýskráningu á vinnslum tengdum félagsmiðstöð. Vinna var lögð í gerð minnisblaðs um tillögu að umsögn Ísafjarðarbæjar vegna frumvarps til nýrra laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga svo og minnisblaðs um skipan persónuverndarfulltrúa. Þá var grunnur lagður að minnisblaði um notkun Facebook í skólastarfi. Þann 7. júní sótti ég fund Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir skólastjórnendur um nýja persónuverndarlöggjöf.

Það sem er framundan

Svo sem áður getur er vinnsluskrárvinna langt á veg komin og þá sérstaklega á skóla- og tómsundasviði, velferðarsviði og umhverfis- og eignasviði.

Eftir stendur öll skráning vegna safnahúss, þ.e. héraðsskjalasafns, bókasafns, byggðasafns og ljósmyndasafns. Einnig hefur ekkert verið skráð tengt slökkviliði Ísafjarðarbæjar. Þá er vinna framundan í tengslum við skráningu bókhaldsmála og gjaldkeramála stjórnsýslu- og fjármálasviðs og félagsþjónustu velferðarsviðs. Ég geri ráð fyrir því að hitta grunnskóla- og leikskólastjóra einu sinni til viðbótar svo unnt sé að gæta samræmis á milli skóla í skráningu.

Að öðru leyti er meiri vinna framundan í formi þess að finna lagaheimildir fyrir vinnslum og athugun mála sem eru tæknislegs eðlis, s.s. á hvaða vefþjóni gögn eru vistuð en sú vinna er komin af stað.

Reykjavík 8. júní 2018.

Sigurður Már Eggertsson